

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (lífeyristryggingar, atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (XIII).

1. gr.

Reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 og nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatrygginga-reglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skulu öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði þeirra lúta að lífeyristryggingum, atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2008 frá 26. september 2008 um breytingu á VI. viðauka (félagslegt öryggi) við EES-samninginn. Reglugerðirnar skulu gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerðir (EB) nr. 647/2005 og nr. 629/2006 fjalla að hluta til um sjúkratryggingar, slysatryggingar, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðisráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um sjúkra- og slysatryggingar. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 og 629/2006 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2008 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 70, 20. nóvember 2008, bls. 16, eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum, 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, og 35. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. apríl 2009.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Ágúst Þór Sigurðsson.

Fylgiskjal.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 647/2005**

frá 13. apríl 2005

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gera þarf tilteknar breytingar á reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 ⁽³⁾ og (EBE) nr. 574/72 ⁽⁴⁾ til þess að taka tillit til nýlegrar dómaframkvæmdar við dómsstól Evrópubandalaganna, auðvelda beitingu þessara reglugerða og endurspeglar breytingar á löggjöf um almannatryggingar í aðildarríkjunum.

2) Til þess að geta tekið tillit til nýlegrar dómaframkvæmdar skal draga ályktanir af dómum, einkum í máli Johann Franz Duchon gegn Pensionsversicherungsanstalt der Angestellten ⁽⁵⁾ og Office national de l'emploi gegn Calogero Spataro ⁽⁶⁾.

3) Dómar í máli Friedrich Jauch gegn Pensionsversicherungsanstalt der Arbeiter og máli Ghislain Leclere, Alina Deaconescu gegn Caisse nationale des prestations familiales ⁽⁷⁾, varðandi flokkun sérstakra iðgjaldsfrjálsra bóta í peningum, kalla, vegna réttaröryggis, á að skilyrðin tvö um uppsöfnun, sem taka þarf tillit til, verði skilgreind þannig að skrá megi slíkar bætur í II. viðauka a við reglugerð (EBE) nr. 1408/71. Á grundvelli þessa er ástæða til þess að endurskoða viðaukann með tilliti til lagabreytinga í aðildarríkjunum sem hafa áhrif á þessar tegundir bóta sem falla undir sérstaka samræmingu vegna þess hversu fjölbreytt þær eru. Enn fremur er mikilvægt, til að vernda réttindi bótaþega, að tilgreina hvaða bráðabirgðaákvæði gilda um bæturnar sem dómurinn í Jauch-málinu snerist um.

4) Á grundvelli dómaframkvæmdar, varðandi tengsl reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 við ákvæði tvíhliða samninga um félagslegt öryggi, er nauðsynlegt að endurskoða III. viðauka við þá reglugerð. Færslur í A-hluta III. viðauka eru aðeins réttlætunarlegar í tveimur tilvikum: ef þær eru hagstæðari farandlaunþegum ⁽⁸⁾ eða ef þær tengjast sérstökum og óvenjulegum aðstæðum, yfirleitt tengdum sögulegum aðstæðum. Ennfremur er ekki viðeigandi að samþykka færslur í B-hluta nema þar

⁽¹⁾ Stjótið. ESB C 80, 30.3.2004, bls. 118.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 15. nóvember 2004 (Stjótið. ESB C 38 E, 15.2.2005, bls. 21) og afstaða Evrópuþingsins frá 8. mars 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórtíðindum ESB).

⁽³⁾ Stjótið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerð uppfærð með reglugerð (EB) nr. 118/97 (Stjótið. EB L 28, 30.1.1997, bls. 1), var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 (Stjótið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1) og felld úr gildi frá og með gildistökudegi reglugerðarinnar sem kemur til framkvæmdar með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 (Stjótið. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 631/2004.

⁽⁵⁾ Úrskurður í máli C-290/00 [2002] dómásafn EB I-3567.

⁽⁶⁾ Úrskurður í máli C-170/95 [1996] dómásafn EB I-2921.

⁽⁷⁾ Úrskurður í máli C-215/99 [2001] dómásafn EB I-1901 og máli C-43/99 [2001] dómásafn EB I-4265.

⁽⁸⁾ Dómstóll Evrópubandalaganna minnir á meginregluna um bestuþjarameðferð í úrskurði sínum í máli C-227/89 [1991] dómásafn EB I-323, máli C-475/93 [1995] dómásafn EB I-3813, máli C-75/99 [2000] dómásafn EB I-9399 og máli C-277/99 [2002] dómásafn EB I-1261.

sem sérstakar og óvenjulegar aðstæður réttlæta undanþágu frá 1. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar og frá 12., 39. og 42. gr. sáttmálans ⁽¹⁾.

- 5) Til að auðvelda beitingu reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 skal setja tiltekin ákvæði varðandi opinbera starfsmenn og þá sem njóta sömu réttinda og þeir annars vegar og starfsmenn í áhöfn eða flugáhöfn hjá fyrirtækjum sem reka farþega- eða vöruflutningaþjónustu á milli landa með járnbrautum, á vegum, í lofti eða á skipgengum vatnaleiðum hins vegar og einnig tilgreina aðferðir til að ákvarða meðalupphæð sem taka þarf tillit til í tengslum við 23. gr. þeirrar reglugerðar.
- 6) Endurskoðun II. viðauka a við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 mun hafa í för með sér niðurfellingu nokkurra færslna, sem fyrir eru, auk þess sem bætt verður við tilteknum nýjum færslum með hliðsjón af lagabreytingum í nokkrum aðildarríkjum. Í seinna tilvikinu verða þessi aðildarríki að meta þörfina á bráðabirgðafyrirkomulagi eða tvíhliða lausnum til að takast á við aðstæður þar sem áunnin réttindi einstaklinga kunna að verða fyrir áhrifum af slíkum breytingum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
- a) í 1. mgr. falli brott orðin „búsettir í aðildarríki“,
- b) í 3. mgr. falli brott orðin „og ákvæði samninga sem gerðir eru samkvæmt 1. mgr. 8. gr.“
2. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. a í 4. gr.:

„2a. Þessi grein gildir um sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur í peningum sem eru greiddar samkvæmt löggjöf sem, vegna persónulegs gildissviðs hennar, markmiða laganna og/eða skilyrða fyrir bótarétti, hefur einkenni bæði almannatrygginga- lögjafarinnar sem um getur í 1. mgr. og félagslegrar aðstoðar.

Með „sérstökum iðgjaldsfrjálsnum bótum í peningum“ er átt við bætur:

- a) sem er annaðhvort ætlað:
- i. að koma til viðbótar við eða koma í stað tryggingar gegn áhættu er þeir flokkar almannatrygginga, sem um

getur í 1. mgr., taka til og sem tryggja viðkomandi einstaklingum lágmarksframfærslutekjur með hliðsjón af efnahag og félagslegum aðstæðum í hlutaðeigandi aðildarríki,

eða

- ii. einvörðungu að veita fötluðum sérstaka vernd, nátengda félagslegu umhverfi viðkomandi einstaklings í hlutaðeigandi aðildarríki

og

- b) sem eru fjármagnaðar eingöngu með lögboðinni skattlagningu sem er ætlað að ná yfir almenn opinber útgjöld og þar sem skilyrði fyrir veitingu og útreikningi bóta eru ekki háð neinu framlagi af hálfu viðtakanda. Þó skulu bætur, sem veittar eru til viðbótar við iðgjaldsskyldar bætur ekki teljast iðgjaldsskyldar bætur af þeirri ástæðu einni,

og

- c) sem eru taldar upp í II. viðauka a“.

3. Eftirfarandi komi í stað c-liðar 2. mgr. 7. gr.:

„c) tiltekin ákvæði samninga um félagslegt öryggi sem aðildarríkin gerðust aðilar að fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, að því tilskildu að þau séu hagstæðari bótaþegum eða tilkomin vegna sérstakra sögulegra aðstæðna og áhrif þeirra tímabundin, ef þessi ákvæði eru skráð í III. viðauka.“

4. Eftirfarandi komi í stað 9. gr. a:

„9. gr. a

Framlenging viðmiðunartímabils

Kvæði löggjöf aðildarríkis á um að viðurkenning á rétti til bóta sé háð því að lágmarkstryggingatímabili hafi verið lokið á tilteknu tímabili sem fer á undan tilviki sem tryggt er gegn (viðmiðunartímabili) og mæli hún fyrir um að tímabil greiðslu bóta samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis eða tímabil barnaumönnunar á yfirráðasvæði þess aðildarríkis skuli framlengja þetta viðmiðunartímabil þá skulu tímabil greiðslu örorku- eða ellilífeyris eða sjúkra-, atvinnuleysis- eða vinnuslysabóta eða bóta vegna atvinnusjúkdóms samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis og tímabil barnaumönnunar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis einnig framlengja umrætt viðmiðunartímabil.“

⁽¹⁾ Úrskurður í máli C-214/94 [1996] dómasafn EB I-2253, máli C-308/93 [1996] dómasafn EB I-2097 og máli C-55/00 [2002] dómasafn EB I-413.

5. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 10. gr. a:

„1. Ákvæði 10. gr. og III. bóls gilda ekki um sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur í peningum sem um getur í 2. mgr. a í 4. gr. Einstaklingar, sem heyra undir þessa reglugerð, skulu eingöngu hljóta slíkar bætur á yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem þeir eru búsettir, í samræmi við löggjöf þess ríkis, að því tilskildu að slíkar bætur séu tilgreindar í II. viðauka a. Stofnun á búsetustað skal greiða bætunarnar á sinn kostnað.“

6. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 23. gr.:

„2a. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig þegar kveðið er á um sérstakt viðmiðunartímabil í löggjöf sem þar til bær stofnun beittir og þetta tímabil fellur, eftir því sem við á, að hluta til eða í heild, saman við tímabil sem hlutaðeigandi einstaklingur hefur lokið í samræmi við löggjöf eins eða fleiri aðildarríkja.“

7. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. falli niður.

8. Ákvæði 4. mgr. 69. gr. falli niður.

9. Eftirfarandi greinar bætist við:

„95. gr. f

Bráðabirgðaákvæði í tengslum við I. hluta II. viðauka, í þáttunum „D. ÞÝSKALAND“ og „R. AUSTURRÍKI“

1. Ákvæði I. hluta II. viðauka, í þáttunum „D. ÞÝSKALAND“ og „R. AUSTURRÍKI“, eins og þeim var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almanna-tryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 (*), veita engan rétt til bóta vegna tímabilsins fyrir 1. janúar 2005.

2. Við ákvörðun á rétti til bóta í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar skal taka tillit til allra tryggingatímabila og, eftir því sem við á, starfstímabila launþega eða sjálfstætt starfandi einstaklinga eða búsetutímabila sem er lokið samkvæmt löggjöf aðildarríkis fyrir 1. janúar 2005.

3. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. veitir þessi reglugerð jafnvel rétt til bóta vegna tilviks sem kom fram fyrir 1. janúar 2005.

4. Allar bætur, sem hafa ekki verið veittar eða hafa verið felldar niður um tíma vegna ríkisfangs eða búsetustaðar hlutaðeigandi einstaklings, skulu greiddar eða greiðslur teknar upp að nýju frá 1. janúar 2005, leggi hlutaðeigandi einstaklingur fram beiðni um það, að því tilskildu að réttur sem hefur verið viðurkenndur áður hafi ekki þegar verið gerður upp með eingreiðslu.

5. Heimilt er að endurskoða réttindi einstaklinga, sem var úthlutað lífeyri fyrir 1. janúar 2005, með hliðsjón af ákvæðum

þessarar reglugerðar, að beiðni hlutaðeigandi einstaklinga. Þetta gildir einnig um aðrar bætur skv. 78. gr.

6. Ef sú umsókn, sem um getur í 4. eða 5. mgr., er lögð fram innan tveggja ára frá 1. janúar 2005 skulu þau réttindi, sem áunnin eru samkvæmt þessari reglugerð, gilda frá þeim degi og jafnframt skal óheimilt að beita ákvæðum löggjafar aðildarríkis er varða missi eða takmörkun réttinda gagnvart hlutaðeigandi einstaklingum.

7. Ef sú umsókn, sem um getur í 4. og 5. mgr., er lögð fram eftir að tveggja ára fresturinn frá 1. janúar 2005 er útrunninn gilda þau réttindi sem viðkomandi hefur ekki þegar misst eða eru ekki háð takmörkunum frá þeim degi er umsóknin var lögð fram, nema í þeim tilvikum þar sem ákvæði löggjafar aðildarríkis eru hagstæðari.

95. gr. g

Bráðabirgðaákvæði varðandi brottfallingu færslunnar varðandi umönnunargreiðslur (Pflegegeld) í Austurríki úr II. viðauka a

Að því er varðar umsóknir um umönnunargreiðslur samkvæmt austurrísku sambandslögunum (Bundespflegegeldgesetz), sem lagðar eru fram eigi síðar en 8. mars 2001 á grundvelli 3. mgr. 10. gr. a þessarar reglugerðar, gildir þetta ákvæði svo lengi sem viðtakandi umönnunargreiðslunnar býr í Austurríki eftir 8. mars 2001.

(*) Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1.“

10. Breyta ber II. viðauka, II. viðauka a, III., IV. og VI. viðauka í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 11. mgr. 4. gr. falli niður.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. c

Formsatriði sem mælt er fyrir um vegna beitingar d-liðar 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar um opinbera starfsmenn og þá sem njóta sömu réttinda og þeir

Að því er varðar beitingu d-liðar 2. mgr. 13. gr. skal stofnunin, sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis sem setur löggjöfina sem gildir, gefa út vottorð þar sem fram kemur að opinberi starfsmaðurinn eða sá sem nýtur sömu réttinda heyri undir löggjöf þess.

3. Ákvæðum 12. gr. a er breytt sem hér segir:

a) í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„Reglur sem gilda um þá einstaklinga sem getið er um í 14. gr. (2. mgr. og 3. mgr.), 14. gr. a (2.–4. mgr.) og 14. gr. c í reglugerðinni sem að jafnaði starfa sem launþegar eða sjálfstætt starfandi einstaklingar á yfirráðasvæði tveggja eða fleiri aðildarríkja“.

b) í stað inngangsorðanna komi eftirfarandi:

„Við beitingu ákvæða 14. gr. (2. og 3. mgr.), 14. gr. a (2.–4. mgr.) og 14. gr. c í reglugerðinni skulu eftirfarandi reglur gilda“;

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Þegar starfsmaður í áhöfn eða flugáhöfn hjá fyrirtæki, sem rekur flutningaþjónustu milli landa, heyrir, í samræmi við a-lið 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem fyrirtækið, sem hann vinnur hjá, er með skráða skrifstofu eða starfsstöð eða útibúið eða fasta atvinnustöðin, þar sem hann er ráðinn, er staðsett eða þar sem hann er búsettur og starfar að stærstum hluta skal stofnun, sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis, gefa út

vottorð handa honum til staðfestingar á að hann heyri undir löggjöf þess.“

4. Ákvæði 32. gr. a falli niður.

5. Breyta ber viðaukunum í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. gildir, að því er 95. gr. f í reglugerð (EBE) nr. 1408/71, a- og b-lið 1. liðar I. viðauka og 2. og 4. lið II. viðauka varðar, koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2005.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 13. apríl 2005.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. P. BORELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. SCHMIT

forseti.

I. VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað textans í þættinum „D. ÞÝSKALAND“ í I. hluta komi orðin: „Á ekki við“.

b) Í stað textans í þættinum „R. AUSTURRÍKI“ í I. hluta komi orðin: „Á ekki við“.

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. hluta:

i. Eftirfarandi komi í stað „Engar“ í þættinum „G. SPÁNN“:

„Greiðslur vegna barnsburðar (stök greiðsla bóta í peningum vegna fæðingar þriðja barns eða síðari barna og stök greiðsla bóta í peningum ef um fjölburaæðingu er að ræða)“.

ii. Eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „H. FRAKKLAND“:

„Styrkir vegna barnsburðar eða ættleiðingar (barnabætur vegna ungbarna og smábarna)“.

iii. Eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „W. FINNLAND“:

„Heildarstuðningur vegna meðgöngu og fæðingar, eingreiðslustyrkur vegna meðgöngu og fæðingar og aðstoð í formi eingreiðslu til að mæta kostnaði vegna ættleiðingar frá öðru landi samkvæmt lögum um styrki vegna meðgöngu og fæðingar“.

d) Í III. hluta falli ákvæði b-liðar þáttarins „D. ÞÝSKALAND“ niður.

2. Eftirfarandi texti komi í stað II. viðauka a sem nær yfir færslurnar, sem settar eru fram í aðildarlögunum frá 2003, óbreyttar:

„II. VIÐAUKI a

Sérstakar iðgjaldsfrjálsar bætur í peningum

10. gr. a

A. BELGÍA

a) Greiðslur sem koma í stað tekna (lög frá 27. febrúar 1987)

b) Tekjutrygging aldraðra (lög frá 22. mars 2001).

B. TÉKKLAND

Félagslegar greiðslur (lög um félagslega aðstoð hins opinbera nr. 117/1995 Sb.).

C. DANMÖRK

Útgjöld lífeyrisþega vegna húsnæðis (lög um einstaklingsaðstoð vegna húsnæðis, steypt saman við lög nr. 204 frá 29. mars 1995).

D. ÞÝSKALAND

Grunnframskráning aldraðra og einstaklinga með skerta möguleika á tekjuöflun skv. 4. kafla í XII. bindi almanna-tryggingalaganna.

E. EISTLAND

a) Greiðslur til fullorðinna fatlaðra einstaklinga (lög um félagslegar bætur til fatlaðra einstaklinga frá 27. janúar 1999)

b) Greiðslur hins opinbera vegna atvinnuleysis (lög um félagslega vernd atvinnulausra einstaklinga frá 1. október 2000).

F. GRIKKLAND

Sérstakar bætur til aldraðra (lög nr. 1296/82).

G. SPÁNN

- a) Lágmarkstekjutrygging (lög nr. 13/82 frá 7. apríl 1982)
- b) Bætur í peningum til aðstoðar öldruðum og óvinnufærum öryrkjum (konungsúrskurður nr. 2620/81 frá 24. júlí 1981)
- c) Iðgjaldsfrjáls örorkulífeyrir og eftirlaunalífeyrir eins og kveðið er á um í 1. mgr. 38. gr. samsteypis texta almennu laganna um félagslegt öryggi sem fengið hefur samþykki með konunglegum lagaúrskurði nr. 1/1994 frá 20. júní 1994
- d) Greiðslur til að stuðla að hreyfanleika og vegna ferðakostnaðar (lög nr. 13/1982 frá 7. apríl 1982).

H. FRAKKLAND

- a) Viðbótargreiðslur úr sérstaka örorkusjóðnum og samstöðusjóði fyrir aldraða (lög frá 30. júní 1956, kerfisbundin í VIII. bindi almannatryggingalaganna)
- b) Greiðslur til fullorðinna fatlaðra einstaklinga (lög frá 30. júní 1975, kerfisbundin í VIII. bindi almannatryggingalaganna)
- c) Sérstakar greiðslur (lög frá 10. júlí 1952, kerfisbundin í VIII. bindi almannatryggingalaganna).

I. ÍRLAND

- a) Atvinnuleysisaðstoð (2. kafli III. hluta almannatryggingalaganna (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1993)
- b) Ellilífeyrir (iðgjaldsfrjáls) (4. kafli III. hluta almannatryggingalaganna (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1993)
- c) Ekknalífeyrir (iðgjaldsfrjáls) og ekkjalífeyrir (iðgjaldsfrjáls) (6. kafli III. hluta almannatryggingalaganna (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1993, eins og þeim var breytt með V. hluta almannatryggingalaganna (Social Welfare Act) frá 1997)
- d) Greiðslur til fatlaðra (IV. hluti almannatryggingalaganna (Social Welfare Act) frá 1996)
- e) Styrkur til að stuðla að hreyfanleika (61. þáttur heilbrigðislaganna frá 1970 (Health Act 1970))
- f) Blindalífeyrir (5. kafli III. hluta almannatryggingalaganna (Social Welfare (Consolidation) Act) frá 1993).

J. ÍTALÍA

- a) Félagslegur lífeyrir til fólks án tekna (lög nr. 153 frá 30. apríl 1969)
- b) Lífeyrir og greiðslur til óbreyttra borgara sem eru fatlaðir eða öryrkjar (lög nr. 118 frá 30. mars 1974, nr. 18 frá 11. febrúar 1980 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988)
- c) Lífeyrir og greiðslur til daufdumbra (lög nr. 381 frá 26. maí 1970 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988)
- d) Lífeyrir og greiðslur til óbreyttra borgara sem eru blindir (lög nr. 382 frá 27. maí 1970 og nr. 508 frá 23. nóvember 1988)
- e) Bætur til viðbótar lágmarkslífeyri (lög nr. 218 frá 4. apríl 1952, nr. 638 frá 11. nóvember 1983 og nr. 407 frá 29. desember 1990)
- f) Bætur til viðbótar greiðslum til fatlaðra (lög nr. 222 frá 12. júní 1984)
- g) Félagslegar greiðslur (lög nr. 335 frá 8. ágúst 1995)
- h) Félagslegar viðbótarbætur (1. og 12. mgr. 1. gr. laga nr. 544 frá 29. desember 1988 og síðari breytingar á þeim).

K. KÝPUR

- a) Félagslegur lífeyrir (lög um félagslegan lífeyri frá 1995 (lög nr. 25(I)/95), með áorðnum breytingum)
- b) Greiðslur vegna alvarlegrar hreyfihömlunar (ákvarðanir ráðherraráðsins nr. 38210 frá 16. október 1992, nr. 41370 frá 1. ágúst 1994, nr. 46183 frá 11. júní 1997 og nr. 53675 frá 16. maí 2001)
- c) Sérstakur blindastyrkur (lög um sérstaka styrki frá 1996 (lög nr. 77(I)/96), með áorðnum breytingum).

L. LETTLAND

- a) Almennatryggingabætur hins opinbera (lög um félagslega aðstoð frá 26. október 1995)
- b) Greiðsla vegna ferðakostnaðar fatlaðra einstaklinga með skerta hreyfigetu (lög um félagslega aðstoð frá 26. október 1995).

M. LITHÁEN

- a) Félagslegur lífeyrir (lög frá 1994 um félagslegan lífeyri)
- b) Sérstök greiðsla vegna ferðakostnaðar fatlaðra með skerta hreyfigetu (7. gr. laga frá 2000 um greiðslur vegna ferðakostnaðar).

N. LÚXEMBORG

Tekjur fyrir alvarlega fatlaða einstaklinga (2. mgr. 1. gr. laga frá 12. september 2003), að undanskildum einstaklingum sem er viðurkennt að eru fatlaðir starfsmenn og starfa á almennum vinnumarkaði eða í vernduðu umhverfi.

O. UNGVERJALAND

- a) Örorkulífeyrir (úrskurður ráðherraráðsins nr. 83/1987 (XII 27) um örorkulífeyri)
- b) Iðgjaldsfrjáls greiðsla vegna elli (lög III frá 1993 um félagsmálastjórnun og félagslegar bætur)
- c) Greiðsla vegna ferðakostnaðar (stjórnsýsluúrskurður nr. 164/1995 (XII 27) um greiðslu vegna ferðakostnaðar einstaklinga með alvarlega, líkamlega fötlun).

P. MALTA

- a) Viðbótargreiðsla (73. þáttur í lögum um almannatryggingar (318. kafli) frá 1987)
- b) Ellilífeyrir (lög um almannatryggingar (318. kafli) 1987).

Q. HOLLAND

- a) Lög um aðstoð vegna fötlunar fyrir ungt fatlað fólk frá 24. apríl 1997 (Wajong)
- b) Lög um viðbótarbætur frá 6. nóvember 1986 (TW).

R. AUSTURRÍKI

Uppbót (sambandslög frá 9. september 1955 um almannatryggingar — ASVG, sambandslög frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir þá sem starfa við viðskipti og verslun — GSVG og sambandslög frá 11. október 1978 um almannatryggingar fyrir bændur — BSVG).

S. PÓLLAND

Félagslegur lífeyrir (lög frá 29. nóvember 1990 um félagslega aðstoð).

T. PORTÚGAL

- a) Iðgjaldsfrjáls ellilífeyrir og örorkulífeyrir frá ríkinu (lagaúrskurður nr. 464/80 frá 13. október 1980)
- b) Iðgjaldsfrjáls ekknalífeyrir (reglugerðarúrskurður nr. 52/81 frá 11. nóvember 1981).

U. SLÓVENÍA

- a) Lífeyrir frá ríkinu (lög um lífeyristryggingar og tryggingar vegna fötlunar frá 23. desember 1999)
- b) Tekjuuppbót fyrir lífeyrisþega (lög um lífeyristryggingar og tryggingar vegna fötlunar frá 23. desember 1999)
- c) Framfærslugreiðslur (lög um lífeyristryggingar og tryggingar vegna fötlunar frá 23. desember 1999).

V. SLÓVAKÍA

Aðlögun lífeyris sem einu tekjulindarinnar (lög nr. 100/1988 Zb.).

W. FINNLAND

- a) Greiðslur til fatlaðra (lög um greiðslur til fatlaðra nr. 124/88)
- b) Greiðslur vegna umönnunar barna (lög um greiðslur vegna umönnunar barna nr. 444/69)
- c) Húsnæðisgreiðslur til lífeyrisþega (lög um húsnæðisgreiðslur til lífeyrisþega nr. 591/78)
- d) Greiðslur frá vinnumarkaði (lög um atvinnuleysisbætur nr. 1290/2002)
- e) Sérstök aðstoð fyrir innflytjendur (lög um sérstaka aðstoð fyrir innflytjendur nr. 1192/2002).

X. SVÍPJÓÐ

- a) Húsnæðisuppbót til lífeyrisþega (lög nr. 2001: 761)
- b) Fjárstuðningur við aldraða (lög nr. 2001: 853)
- c) Greiðslur til fatlaðra og greiðslur vegna umönnunar fatlaðra barna (lög nr. 1998: 703).

Y. BRESKA KONUNGRÍKIÐ

- a) Lífeyrisstig ríkisins (lög um lífeyrisstig ríkisins frá 2002 (State Pension Credit Act))
- b) Tekjutengdar greiðslur fyrir fólk í atvinnuleit (ii. liður í d-lið 2. liðar í 1. þætti og 3. þáttur í lögum um fólk í atvinnuleit (Jobseekers Act 1995) frá 28. júní 1995 og ii. liður í d-lið 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. reglna um fólk í atvinnuleit (Norður-Írland) (Jobseekers Order 1995 (Northern Ireland)) frá 18. október 1995))
- c) Tekjuuppbót (20.–22. þáttur og 23. þáttur almannatryggingalaga (Social Security Act 1986) frá 25. júlí 1986 og 21.–24. gr. almannatryggingareglna (Norður-Írland) (Social Security (Northern Ireland) Order 1986) frá 5. nóvember 1986)
- d) Framfærslugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (1. þáttur laga um framfærslu- og atvinnugreiðslur til fatlaðra (Disability Living Allowance and Disability Working Allowance Act 1991) frá 27. júní 1991 og 3. gr. reglna um framfærslu- og atvinnugreiðslur til fatlaðra (Norður-Írland) (Disability Living Allowance and Disability Working Allowance (Northern Ireland) Order 1991) frá 24. júlí 1991)
- e) Umönnunargreiðsla (35. þáttur almannatryggingalaga (Social Security Act 1975) frá 20. mars 1975 og 35. þáttur almannatryggingalaga (Norður-Írland) (Social Security (Northern Ireland) Act 1975) frá 20. mars 1975)
- f) Umönnunargreiðslur (37. þáttur almannatryggingalaga (Social Security Act 1975) frá 20. mars 1975 og 37. þáttur almannatryggingalaga (Norður-Írland) (Social Security (Northern Ireland) Act 1975) frá 20. mars 1975).“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á III. viðauka:

- a) Eftirfarandi málsgrein bætist við í upphafi viðaukans undir „Almennar athugasemdir“:

„3. Að teknu tilliti til ákvæðanna í 6. gr. þessarar reglugerðar skal tekið fram að ákvæði tvíhliða samninga, sem falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar og gilda áfram milli aðildarríkja, eru ekki talin upp í þessum viðauka, s.s. ákvæði sem leyfa söfnun tryggingatímabila sem lokið er í þriðja landi.“

- b) Eftirfarandi liðir í A-hluta falli niður:

2., 3. (b-liður), 5., 6., 7., 8., 9., 13., 16., 17., 19., 22., 23., 24., 48., 50., 51., 52., 53., 54., 58., 61., 62., 64., 69., 71. (a- og c-liður), 73. (a- og b-liður), 74., 75., 83. (a- til g-liður), 85., 88., 89., 111., 112., 113., 114., 118., 121., 122., 124., 127., 128., 129., 130., 131., 132., 136., 139., 140., 145., 146., 147., 148., 149., 153., 156., 157., 159., 162., 163., 164., 165., 169., 172., 173., 175., 178., 179., 184., 188., 190., 193., 194., 195., 237., 238., 240., 243., 244., 245., 265., 270., 271., 272., 274., 277., 278., 279., 288., 289., 299. og 300. liður.

- c) Eftirfarandi komi í stað textans í a-lið 3. liðar í A-hluta (Belgía — Þýskaland):

„Ákvæði 3. og 4. gr. lokabókunar frá 7. desember 1957 við almenna samninginn frá heim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarbókun frá 10. nóvember 1960 (viðurkenning á tryggingartímabilum sem lokið er á tilteknum landamærasvæðum fyrir seinni heimstyrjöldina, á meðan á henni stóð og eftir að henni lauk)“.

- d) Eftirfarandi komi í stað textans í 67. lið í A-hluta (Danmörk — Finnland):

„Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992 um greiðslu aukakostnaðar við heimferð vegna veikinda, á meðan dvöl í öðru norrænu landi stendur, þegar þörf er á að nota dýrari ferðamáta við heimför til búsetulands“.

- e) Eftirfarandi komi í stað textans í 68. lið í A-hluta (Danmörk — Svíþjóð):

„Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992 um greiðslu aukakostnaðar við heimferð vegna veikinda, á meðan dvöl í öðru norrænu landi stendur, þegar þörf er á að nota dýrari ferðamáta við heimför til búsetulands“.

- f) Eftirfarandi komi í stað textans í b-lið 71. liðar í A-hluta (Þýskaland — Grikkland):

„Ákvæði 8. gr. (1. mgr., b-liður 2. mgr. og 3. mgr.), 9.–11. gr. og I. og IV. kafla, að svo miklu leyti sem þeir varða þessar greinar, samningsins um atvinnuleysisstryggingar frá 31. maí 1961, ásamt athugasemd í fundargerð frá 14. júní 1980 (viðurkenning á tryggingartímabilum vegna atvinnuleysisbóta ef um er að ræða búferlaflutninga frá einu ríki til annars)“.

- g) Eftirfarandi komi í stað textans í 72. lið í A-hluta (Þýskaland — Spánn):

„Ákvæði 2. mgr. 45. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 4. desember 1973 (sendiráð og ræðisskrifstofur fara með fyrirsvar)“.

- h) Eftirfarandi komi í stað textans í c-, d-, e- og f-liðum í 73. lið í A-hluta (Þýskaland — Frakkland):

„a) Viðbótarsamningur nr. 4 frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi, í þeirri gerð sem fram kemur í viðbótarsamningi nr. 2 frá 18. júní 1955 (viðurkenning á tryggingartímabilum sem er lokið á tímabilinu 1. júlí 1940 til 30. júní 1950).

b) Ákvæði I. bóls áður nefnds viðbótarsamnings nr. 2 (viðurkenning á tryggingartímabilum sem er lokið fyrir 8. maí 1945).

c) Ákvæði 6., 7. og 8. liðar í almennu bókuninni frá 10. júlí 1950 við almenna samninginn frá þeim degi (stjórnvaldsráðstafanir).

d) Ákvæði II., III. og IV. bóls samnings frá 20. desember 1963 (um félagslegt öryggi í Saarlandi)“.

- i) Eftirfarandi komi í stað textans í 79. lið í A-hluta (Þýskaland — Lúxemborg):

„Ákvæði 4., 5., 6. og 7. gr. sáttmálans frá 11. júlí 1959 (viðurkenning á tryggingartímabilum sem er lokið á tímabilinu frá september 1940 til júní 1946)“.

- j) Eftirfarandi komi í stað textans í h- og i-liðum í 83. lið í A-hluta (Þýskaland — Austurríki):

„Ákvæði 5. mgr. 1. gr. og 8. gr. samnings um atvinnuleysisstryggingar frá 19. júlí 1978 og 10. gr. lokabókunar við þann samning (um greiðslur vegna atvinnuleysis frá fyrra ráðningarríki til þeirra sem sækja vinnu yfir landamæri) gilda áfram um þá sem stunduðu vinnu yfir landamæri 1. janúar 2005 eða fyrir þann tíma og verða atvinnulausir fyrir 1. janúar 2011“.

- k) Eftirfarandi komi í stað textans í a-, b- og c-liðum í 90. lið í A-hluta (Þýskaland — Breska konungsríkið):

„a) Ákvæði 5. og 6. mgr. 7. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 20. apríl 1960 (löggjöf sem gildir um almenna borgara sem starfa hjá hernum).

b) Ákvæði 5. og 6. mgr. 5. gr. samningsins um atvinnuleysisstryggingar frá 20. apríl 1960 (löggjöf sem gildir um almenna borgara sem starfa hjá hernum)“.

- l) Eftirfarandi komi í stað textans í 142. lið í A-hluta (Spánn — Portúgal):

„Ákvæði 22. gr. almenna samningsins frá 11. júní 1969 (flutningur á atvinnuleysisbótum úr landi)“.

- m) Eftirfarandi komi í stað textans í 180. lið í A-hluta (Írland — Breska konungsríkið):

„Ákvæði 8. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 14. september 1971 (um flutning og viðurkenningu á tilteknum örorkustigum)“.

- n) Eftirfarandi komi í stað textans í 267. lið í A-hluta (Holland — Portúgal):

„Ákvæði 31. gr. samningsins frá 19. júlí 1979 (flutningur á atvinnuleysisbótum úr landi)“.

- o) Eftirfarandi komi í stað textans í 298. lið í A-hluta (Finland — Svíþjóð):

„Ákvæði 10. gr. samnings Norðurlanda um félagslegt öryggi frá 15. júní 1992 um greiðslu aukakostnaðar við heimferð vegna veikinda, á meðan dvöl í öðru norrænu landi stendur, þegar þörf er á að nota dýrari ferðamáta við heimför til búsetulands“.

- p) Eftirfarandi færslur í B-hluta falli niður:

2, 3, 5, 6, 7, 8, 9, 13, 16, 17, 19, 22, 23, 24, 48, 50, 51, 52, 53, 54, 58, 61, 62, 64, 67, 68, 69, 71, 72, 73, 74, 75, 79, 82, 83, 85, 88, 89, 90, 111, 112, 113, 114, 118, 121, 122, 124, 127, 128, 129, 130, 131, 132, 136, 139, 140, 142, 145, 146, 147, 148, 149, 153, 156, 157, 159, 162, 163, 164, 165, 169, 172, 173, 175, 178, 179, 180, 184, 187, 188, 190, 193, 194, 195, 237, 238, 240, 243, 244, 245, 265, 267, 270, 271, 272, 274, 277, 278, 279, 288, 289, 290, 298, 299 og 300.

4. Eftirfarandi breytingar eru gerðar í B-hluta IV. viðauka:
- a) Eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „D. ÞÝSKALAND“:
- „Ellilífeyristrygging bænda (Alterssicherung der Landwirte)“.
- b) Eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „J. ÍTALÍA“:
- „Lífeyristryggingakerfi (Assicurazione pensioni per) fyrir:
- lækna (medici)
 - lyfsala (farmacisti)
 - dýralækna (veterinari)
 - hjúkrunarfræðinga, aðstoðarfólk í heilbrigðisþjónustu, barnahjúkrunarfræðinga (infermieri, assistenti sanitari, vigilatrici infanzia)
 - sálfræðinga (psicologi)
 - verkfræðinga og arkitekta (ingegneri ed architetti)
 - landmælingamenn (geometri)
 - héraðsdómslögsmenn (avvocati)
 - hagfræðinga (dottori commercialisti)
 - endurskoðendur og efnahagsráðgjafa (ragionieri e periti commerciali)
 - starfsráðgjafa (consulente del lavoro)
 - lögboðendur (notai)
 - tollmiðlara (spedizionieri doganali)
 - líffræðinga (biologi)
 - tæknimenntaða menn og ráðunauta í landbúnaði (agrotecnici e periti agrari)
 - solumenn (agenti e rappresentanti di commercio)
 - blaðamenn (giornalisti)
 - sérfræðinga í iðnaði (periti industriali)
 - tryggingafræðinga, efnifræðinga, jarðræktarfræðinga, skógfræðinga og jarðfræðinga (attuari, chimici, dottori agronomi, dottori forestali, geologi)“.
- c) Eftirfarandi komi í stað textans í þættinum „R. AUSTURRÍKI“:
- „Lífeyriskerfi lífeyrisstofnana fyrir samtök menntastétta (Kammern der Freien Berufe)“.
5. Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæði b-liðar 6. liðar í þættinum „C. DANMÖRK“ falli brott,
- b) Eftirfarandi texti bætist við þáttinn „C. DANMÖRK“:
- „11. Tímabundnar bætur til atvinnulausa einstaklinga sem hafa verið ráðnir í sveigjanlegt starf (flexibel-job) (ledighedsydelse) (lög nr. 455 frá 10. júní 1997) falla undir 6. kafla í III. bóki (atvinnuleysisbætur). Að því er varðar atvinnulausa einstaklinga, sem fara til annars aðildarríkis, gilda 69. og 71. gr. þessarar reglugerðar ef það aðildarríki hefur svipuð atvinnukerfi fyrir sama hóp einstaklinga.“
- c) Í þættinum „D. ÞÝSKALAND“ falli 3., 11. og 17. liður brott og eftirfarandi liður bætist við:
- „24. Þegar reikna skal út viðmiðunarfrjárhæð þá sem getið er í a-lið 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar skal þar til bær stofnun, þegar um er að ræða lífeyriskerfi fyrir menntastéttirnar, leggja til grundvallar, að því er varðar hvert tryggingaár sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, meðallífeyrisrétt á ári sem aflað er með greiðslu iðgjalda á tímabili aðildar að þar til bærri stofnun.
25. Ákvæði 79. gr. a í reglugerðinni gilda, að breyttu breytanda, um útreikninga á munaðarleysingjalífeyri og lífeyrishækkanir eða viðbótargreiðslur vegna barna frá lífeyriskerfum fyrir menntastéttirnar.“

- d) Eftirfarandi komi í stað textans í 7. lið í þættinum „H. FRAKKLAND“:

„Prátt fyrir ákvæði 73. og 74. gr. þessarar reglugerðar skulu húsnæðisgreiðslur og viðbótargreiðslur vegna umönnunar barna að vali foreldra (barnabætur vegna ungbarna og smábarna) aðeins veittar hlutaðeigandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem búsettir eru á frönsku yfirráðasvæði.“

- e) Ákvæði 11. liðar í þættinum „I. ÍRLAND“ falli brott.

- f) Eftirfarandi liðir bætist við í þættinum „R. AUSTURRÍKI“:

„8. Þegar reikna skal út viðmiðunarfrjárhæð í samræmi við a-lið 2. mgr. 46. gr. þessarar reglugerðar varðandi bætur eða hluta bóta frá lífeyriskerfi samtaka menntastétta (Kammern der Freien Berufe), sem eru fjármagnaðar eingöngu sem sjóðssöfnunarkerfi eða byggt á gegnumstreymiskerfi, skal þar til bær stofnun taka tillit til, hvað varðar hvern tryggingarmánuð sem lokið er samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, fjármagns í hlutfalli við fjármagnið sem hefur safnast upp í hlutaðeigandi lífeyriskerfi eða er talið hafa safnast upp í gegnumstreymiskerfinu og lengdar tryggingatímabíla í hlutaðeigandi lífeyriskerfi í mánuðum talið.

9. Ákvæði 79. gr. a í reglugerðinni gildir, að breyttu breytanda, um útreikninga á munaðarleysingjalífeyri og lífeyrishækkunar eða viðbótargreiðslur vegna barna frá lífeyriskerfi samtaka menntastétta (Kammern der Freien Berufe).“

- g) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þættinum „Y. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

- i. Eftirfarandi komi í stað i. og ii. liðar í b-lið 2. liðar:

„i. maka eða fyrrverandi maka, ef krafa til bóta er gerð af hálfu:

— giftrar konu eða

— einstaklings, sem var í hjónabandi sem lauk með öðrum hætti en með andláti maka

eða

- ii. fyrrverandi maka, ef krafa til bóta er gerð af hálfu:

— ekkils sem, rétt áður en hann náði eftirlaunaaldri, átti ekki rétt á greiðslum fyrir ekkla/ekkjur með börn eða

— ekkju sem, rétt áður en hún náði eftirlaunaaldri, átti ekki rétt á greiðslum fyrir ekkjur með börn, fyrir ekkla/ekkjur með börn eða ekknalífeyri eða sem nýtur einvörðungu aldurstengds ekknalífeyris sem reiknaður er út skv. 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar, en í þessu sambandi merkir „aldurstengdur ekknalífeyrir“ ekknalífeyri sem er greiddur út í lækkuðu hlutfalli í samræmi við 4. mgr. 39. gr. laga um iðgjöld og bætur á sviði almannatrygginga frá 1992.“

- ii. Ákvæði 22. liðar falli brott.
-

II. VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EBE) nr. 574/72 er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar í þættinum „X. SVÍÞJÓÐ“ í 2. viðauka:

„2. Vegna atvinnuleysisbóta — Inspektionen för arbetslöshetsförsäkringen, IAF (sænska atvinnuleysisstryggingaráðið)“.

2. Eftirfarandi liður bætist við í þættinum „D. ÞÝSKALAND“ í 4. viðauka:

„9. Lífeyriskerfi fyrir menntastéttir:

Arbeitsgemeinschaft Berufsständischer Versorgungseinrichtungen (Samtök lífeyrstryggingastofnana fyrir starfstengd lífeyriskerfi), Köln“.

3. Eftirfarandi komi í stað fyrsta undirliðar 1. liðar í þættinum „C. DANMÖRK“ í 10. viðauka:

„1. Við beitingu 10. gr. c, 11. gr. (1. mgr.), 11. gr. a (1. mgr.), 12. gr. a, 13. gr. (2. og 3. mgr.) og 14. gr. (1., 2. og 3. mgr.) framkvæmdarreglugerðarinnar: Den Sociale Sikringsstyrelse (stjórn almannatrygginga), København“.

4. Eftirfarandi komi í stað 1. liðar í þættinum „R. AUSTURRÍKI“ í 10. viðauka:

„1. Við beitingu 14. gr. (b-liður 1. mgr.), 14. gr. a (b-liður 1. mgr.) og 17. gr. reglugerðarinnar:

Bundesminister für soziale Sicherheit, Generationen und Konsumentenschutz (Sambandsráðherra félagslegs öryggis, kynslóðamálefna og neytendaverndar), með samkomulagi við viðkomandi, opinberan vinnuveitanda að því er varðar sérstök bótakerfi fyrir opinbera starfsmenn og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrisstofnun að því er varðar lífeyriskerfi fyrir samtök menntastétta (Kammern der Freien Berufe)“.

5. Ákvæði 11 viðauka falli brott.
-

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2008

frá 26. september 2008

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2007 frá 7. desember 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 ⁽³⁾.
- 4) Taka ber tillit til dóms Evrópudómstólsins í máli C 299/05, en með honum voru ógilt tiltekin atriði í reglugerð (EB) nr. 647/2005, og dóms EFTA-dómstólsins í máli E 5/06.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

VI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71):
 - „– **32005 R 0647**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1),
 - **32006 R 0629**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 124, 8.5.2008, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 26, 8.5.2008, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1.

2) Aðlögunarliður m) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) hljóði svo:

„i) Ákvæði II. viðauka a skulu lesin þannig:

Stafliður b) undir fyrirsögninni „Y. FINNLAND“, stafliður c) undir fyrirsögninni „Z. SVÍÐJÓÐ“ og stafliðir d)–f) undir fyrirsögninni „AA. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ gilda ekki að því er EFTA-ríkin varðar.

Áhrifin af því að framfærslugreiðslur til fatlaðra einstaklinga (*Disability Living Allowance*) standa í staflið d) undir fyrirsögninni „AA. BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“ haldast þó að því er varðar þann hluta þeirra greiðslna sem varðar „hreyfanleika“.

ii) Eftirfarandi bætist við II. viðauka a:

ZA. ÍSLAND

Engar.

ZB. LIECHTENSTEIN

- a) Greiðslur til blindra (lög um greiðslur til blindra frá 17. desember 1970).
- b) Greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar (lög um greiðslur vegna meðgöngu og fæðingar frá 25. nóvember 1981).
- c) Viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar (lög um viðbótarbætur vegna elli-, eftirlifenda- og örorkutryggingar frá 10. desember 1965 með áorðnum breytingum frá 12. nóvember 1992).

ZC. NOREGUR

- a) Lágmarksviðbótarlífeyrir til þeirra sem fæðast með fötlun eða verða fatlaðir á unga aldri í samræmi við gr. 7-3 og 8-4 í lögum um almannatryggingar nr. 12 frá 17. júní 1966.
- b) Sérstakar bætur í samræmi við lög nr. 21 frá 29. apríl 2005 um viðbótar-greiðslur til þeirra sem dveljast um skamma hrið í Noregi.“

3) Aðlögunarliður n) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) hljóði svo:

„Eftirfarandi bætist við A-hluta III. viðauka:

36. ÍSLAND – DANMÖRK

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

37. ÍSLAND – FINNLAND

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

38. ÍSLAND – SVÍÐJÓÐ

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

39. ÍSLAND – NOREGUR

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

40. NOREGUR – DANMÖRK

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

41. NOREGUR – FINNLAND

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.

42. NOREGUR – SVÍÐJÓÐ

Ákvæði 10. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 um endurgreiðslu aukakostnaðar við heimferð til búsetulandsins frá öðru norrænu landi sem leiðir af því að viðkomandi verður vegna sjúkdóms að ferðast með dýrara móti en hann ella mundi gera.“

- 4) Texti aðlögunarliðar o) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) falli brott.
- 5) Texti 1. mgr. undir fyrirsögninni „ZB. LIECHTENSTEIN“ í aðlögunarlið t) í 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) falli brott.
- 6) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72):
 - „– **32005 R 0647**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 frá 13. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1),
 - **32006 R 0629**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 629/2006 frá 5. apríl 2006 (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 1).“
- 7) Texti aðlögunarliðar n) í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 647/2005 og 629/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 629/2006

frá 5. apríl 2006

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 42. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 631/2004 frá 31. mars 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar ⁽³⁾ var málsmeðferð varðandi aðgang að aðstoð vegna veikinda meðan á tímabundinni dvöl í öðru aðildarríki stendur einfölduð. Rétt er að rýmka einfölduðu málsmeðferðina þannig að hún taki einnig til ákvæða um bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma sem er að finna í reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 ⁽⁴⁾ og (EBE) nr. 574/72 ⁽⁵⁾.

- 2) Nauðsynlegt er að aðlaga viðaukana við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 svo hægt sé að taka tillit til breytinga á lögjöf tiltekinna aðildarríkja, einkum nýju aðildarríkjanna, eftir að aðildarviðræðunum lauk.

- 3) Því ber að breyta reglugerðum (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 til samræmis við það.

- 4) Til að tryggja réttaröryggi og vernda lögmætar væntingar viðkomandi einstaklinga er nauðsynlegt að kveða á um að tiltekin ákvæði, sem breyta III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/72, taki gildi afturvirkir frá 1. maí 2004.

- 5) Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum en þeim sem um getur í 308. gr. til að gera viðeigandi ráðstafanir á sviði almannatrygginga fyrir aðra en launþega.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka, II. viðauka, II. viðauka a, III., IV. og VI. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 574/72 er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæði 5. og 6. mgr. 60. gr. falli brott.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB C 24, 31.1.2006, bls. 25.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 15. nóvember 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvæðun ráðsins frá 10. mars 2006.

⁽³⁾ Stjótið. ESB L 100, 6.4.2004, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjótið. EB L 149, 5.7.1971, bls. 2. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 647/2005 (Stjótið. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjótið. EB L 74, 27.3.1972, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 207/2006 (Stjótið. ESB L 36, 8.2.2006, bls. 3).

2. Í stað 62. gr. komi eftirfarandi:

„62. gr.

Aðstoð þegar dvalið er í öðru aðildarríki en hinu lögbæra ríki

1. Til að fá aðstoð skv. i. lið a-liðar 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar skal launþegi eða sjálfstætt starfandi einstaklingur afhenda veitanda heilbrigðisþjónustu skjal, gefið út af þar til bærri stofnun, sem staðfestir að hann hafi rétt til aðstoðar. Skjalið skal samið í samræmi við 2. gr. Geti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagt fram þetta skjal skal hann hafa samband við stofnun á dvalarstað og skal hún óska eftir staðfestri yfirlýsingu frá þar til bærri stofnun um að hlutaðeigandi einstaklingur hafi rétt til aðstoðar.

Skjal, sem gefið er út af þar til bærri stofnun varðandi rétt til bóta í hverju einstöku tilviki, í samræmi við i. lið a-liðar 1. mgr. 55. gr. reglugerðarinnar, skal hafa sömu áhrif gagnvart veitanda heilbrigðisþjónustu og innlent skjal sem sýnir fram á rétt þeirra sem tryggðir eru hjá stofnun á dvalarstað.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 5. apríl 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
J. BORRELL FONTELLES
forseti.

2. Ákvæði 9. mgr. 60. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gildir, að breyttu breytanda.“

3. Í stað 2. mgr. 63. gr. komi eftirfarandi:

„2. Ákvæði 9. mgr. 60. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar gilda, að breyttu breytanda.“

4. Í 1. mgr. 66. gr. komi „í 21. gr.“ í stað „í 20. og 21. gr.“

5. Í 1. mgr. 93. gr. falli „22. gr. b“ brott og í stað „34. gr. a eða 34. gr. b“ komi „eða 34. gr. a“.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði ii.–ix. liðar í a-lið 5. liðar og ii. og iv. liðar í b-lið 5. liðar viðaukans koma til framkvæmda frá og með 1. maí 2004.

VIÐAUKI

Viðaukunum við reglugerð (EBE) nr. 1408/71 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „V. SLÓVAKÍA“ í II. hluta I. viðauka:

„V. SLÓVAKÍA

Þegar ákvarða á rétt til aðstoðar samkvæmt ákvæðum 1. kafla III. bóls í reglugerðinni merkir „aðstandandi“ maki og/eða barn á framfæri samkvæmt skilgreiningu í lögum um barnabætur“.

2. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „H. FRAKKLAND“ í I. hluta II. viðauka:

„H. FRAKKLAND

1. Viðbótarkerfi vegna bóta fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga innan handverksíðna, iðnaðar- eða verslunarstarfa eða menntastétta, viðbótarkerfi vegna ellitrygginga sjálfstætt starfandi einstaklinga innan menntastétta, viðbótatryggingakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga innan menntastétta sem nær yfir örorku eða andlát, og viðbótarkerfi vegna bóta vegna elli fyrir sammingsbundna lækna og aðstoðarfólk í heilbrigðisþjónustu, eins og um getur í greinum L.615-20, L.644-1, L.644-2, L.645-1 og L.723-14 í almannatryggingalögum, eftir því sem við á.

2. Viðbótatryggingakerfi vegna veikinda og meðgöngu og fæðingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga í landbúnaði, eins og um getur í grein L.727-1 í landbúnaðarlögum.“

3. Eftirfarandi breytingar eru gerðar í II. þætti II. viðauka:

- a) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „E. EISTLAND“:

„E. EISTLAND

- a) Greiðsla vegna barnsburðar.

- b) Greiðsla vegna ættleiðingar“.

- b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „L. LETTLAND“:

„L. LETTLAND

- a) Styrkur vegna barnsburðar.

- b) Greiðsla vegna ættleiðingar“.

- c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „S. PÓLLAND“:

„S. PÓLLAND

Viðbótargreiðsla vegna barnsburðar (lög frá 28. nóvember 2003 um fjölskyldubætur“.

4. Ákvæðum II. viðauka a er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað „Engar“ í þættinum „D. ÞÝSKALAND“:

„Bætur til að standa straum af framfærslu innan ramma grunntryggingar fyrir fólk í atvinnuleit, nema uppfyllt séu skilyrði, að því er þessar bætur varðar, fyrir tímabundinni viðbótargreiðslu í framhaldi af greiðslu atvinnuleysisbóta (1. mgr. 24. gr. í II. bindi almannatryggingarlaganna)“.

b) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „L. LETTLAND“:

„L. LETTLAND

a) Almannatryggingabætur hins opinbera (lög um almannatryggingabætur hins opinbera frá 1. janúar 2003).

b) Greiðsla vegna ferðakostnaðar fatlaðra einstaklinga með skerta hreyfigetu (lög um félagslegar bætur hins opinbera frá 1. janúar 2003)“.

c) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „S. PÓLLAND“:

„S. PÓLLAND

Félagslegur lífeyrir (lög frá 27. júní 2003 um félagslegan lífeyri)“.

d) Eftirfarandi komi í stað þáttarins „V. SLÓVAKÍA“:

„V. SLÓVAKÍA

Aðlögun lífeyris sem er eina tekjulindin og úrskurðaður er fyrir 1. janúar 2004.“

5. Ákvæðum III. viðauka er breytt á eftirfarandi hátt:

a) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liðir falli brott:

1., 4., 10., 11., 12., 14., 15., 18., 20., 21., 25., 27., 28., 29., 30., 31., 32., 34., 35., 37., 38., 39., 41., 42., 43., 45., 46., 47., 49., 55., 56., 57., 59., 60., 63., 65., 66., 70., 76., 77., 78., 81., 91., 92., 93., 94., 95., 96., 97., 98., 99., 100., 101., 102., 103., 104., 105., 106., 107., 108., 109., 110., 115., 116., 117., 119., 120., 123., 125., 126., 133., 134., 135., 137., 138., 141., 143., 144., 150., 151., 152., 154., 155., 158., 160., 161., 166., 167., 168., 170., 171., 174., 176., 177., 181., 182., 183., 185., 186., 189., 192., 196., 197., 198., 199., 200., 201., 202., 203., 204., 205., 206., 207., 208., 209., 210., 211., 212., 213., 214., 215., 216., 217., 218., 219., 220., 221., 222., 223., 224., 225., 226., 227., 228., 229., 230., 231., 232., 233., 234., 235., 236., 239., 241., 246., 247., 249., 250., 252., 253., 254., 255., 256., 257., 258., 259., 260., 261., 262., 263., 264., 266., 268., 269., 280., 281., 282., 283., 284., 285., 286., 287., 291., 292., 293., 294., 295., 296. og 297. liður.

ii. Númerunum er breytt sem hér segir:

BELGÍA-ÞÝSKALAND, úr „3“ í „1“,

TÉKKLAND-ÞÝSKALAND, úr „26“ í „2“,

TÉKKLAND-KÝPUR, úr „33“ í „3“,

TÉKKLAND-LÚXEMBOURG, úr „36“ í „4“,

TÉKKLAND-AUSTURRÍKI, úr „40“ í „5“,
 TÉKKLAND-SLÓVAKÍA, úr „44“ í „6“,
 DANMÖRK-FINNLAND, úr „67“ í „7“,
 DANMÖRK-SVÍÐJÓÐ, úr „68“ í „8“,
 ÞÝSKALAND-GRIKKLAND, úr „71“ í „9“,
 ÞÝSKALAND-SPÁNN, úr „72“ í „10“,
 ÞÝSKALAND-FRAKKLAND, úr „73“ í „11“,
 ÞÝSKALAND-LÚXEMBORG, úr „79“ í „12“,
 ÞÝSKALAND-UNGVERJALAND, úr „80“ í „13“,
 ÞÝSKALAND-HOLLAND, úr „82“ í „14“,
 ÞÝSKALAND-AUSTURRÍKI, úr „83“ í „15“,
 ÞÝSKALAND-PÓLLAND, úr „84“ í „16“,
 ÞÝSKALAND-SLÓVENÍA, úr „86“ í „17“,
 ÞÝSKALAND-SLÓVAKÍA, úr „87“ í „18“,
 ÞÝSKALAND-BRESKA KONUNGRÍKIÐ, úr „90“ í „19“,
 SPÁNN-PORTÚGAL, úr „142“ í „20“,
 ÍRLAND-BRESKA KONUNGRÍKIÐ, úr „180“ í „21“,
 ÍTALÍA-SLÓVENÍA, úr „191“ í „22“,
 LÚXEMBORG-SLÓVAKÍA, úr „242“ í „23“,
 UNGVERJALAND-AUSTURRÍKI, úr „248“ í „24“,
 UNGVERJALAND-SLÓVENÍA, úr „251“ í „25“,
 HOLLAND-PORTÚGAL, úr „267“ í „26“,
 AUSTURRÍKI-PÓLLAND, úr „273“ í „27“,
 AUSTURRÍKI-SLÓVENÍA, úr „275“ í „28“,
 AUSTURRÍKI-SLÓVAKÍA, úr „276“ í „29“,
 PORTÚGAL-BRESKA KONUNGRÍKIÐ, úr „290“ í „30“,
 FINLAND-SVÍÐJÓÐ, úr „298“ í „31“.

iii. Eftirfarandi komi í stað „Enginn samningur“ í liðnum „2. TÉKKLAND–ÞÝSKALAND“:

„Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. 39. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 27. júlí 2001.

Ákvæði 14. liðar lokabókunar við samning um félagslegt öryggi frá 27. júlí 2001.

- iv. Eftirfarandi komi í stað „Enginn samningur“ í liðnum „3. TÉKKLAND–KÝPUR“:
- „Ákvæði 4. mgr. 32. gr. sammings um félagslegt öryggi frá 19. janúar 1999“.
- v. Eftirfarandi komi í stað „Engin“ í liðnum „4. TÉKKLAND–LÚXEMBORG“:
- „Ákvæði 8. mgr. 52. gr. sammings frá 17. nóvember 2000“.
- vi. Eftirfarandi komi í stað liðarins „6. TÉKKLAND–SLÓVAKÍA“:
- „6. TÉKKLAND – SLÓVAKÍA
- Ákvæði 12., 20. og 33. gr. sammings um félagslegt öryggi frá 29. október 1992“.
- vii. Eftirfarandi komi í stað „Enginn samningur“ í liðnum „18. ÞÝSKALAND–SLÓVAKÍA“:
- „Ákvæði 2. og 3. liðar 1. mgr. 29. gr. sammingsins frá 12. september 2002; 9. mgr. lokabókunar við samninginn frá 12. september 2002“.
- viii. Eftirfarandi komi í stað „Enginn samningur“ í liðnum „23. LÚXEMBORG–SLÓVAKÍA“:
- „Ákvæði 5. mgr. 50. gr. sammings um félagslegt öryggi frá 23. maí 2002“.
- ix. Eftirfarandi komi í stað „Enginn samningur“ í liðnum „29. AUSTURRÍKI–SLÓVAKÍA“:
- „Ákvæði 3. mgr. 34. gr. sammings um félagslegt öryggi frá 21. desember 2001“.
- b) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:
- i. Eftirfarandi liðir falli brott:
- 1., 4., 10., 11., 12., 14., 15., 18., 20., 21., 25., 26., 27., 28., 29., 30., 31., 32., 34., 35., 36., 37., 38., 39., 41., 42., 43., 44., 45., 46., 47., 49., 55., 56., 57., 59., 60., 63., 65., 66., 70., 76., 77., 78., 81., 84., 87., 91., 92., 93., 94., 95., 96., 97., 98., 99., 100., 101., 102., 103., 104., 105., 106., 107., 108., 109., 110., 115., 116., 117., 119., 120., 123., 125., 126., 133., 134., 135., 137., 138., 141., 143., 144., 150., 151., 152., 154., 155., 158., 160., 161., 166., 167., 168., 170., 171., 174., 176., 177., 181., 182., 183., 185., 186., 189., 192., 196., 197., 198., 199., 200., 201., 202., 203., 204., 205., 206., 207., 208., 209., 210., 211., 212., 213., 214., 215., 216., 217., 218., 219., 220., 221., 222., 223., 224., 225., 226., 227., 228., 229., 230., 231., 232., 233., 234., 235., 236., 239., 241., 242., 246., 247., 249., 250., 252., 253., 254., 255., 256., 257., 258., 259., 260., 261., 262., 263., 264., 266., 268., 269., 280., 281., 282., 283., 284., 285., 286., 287., 291., 292., 293., 294., 295., 296. og 297. liður.
- ii. Númerunum er breytt sem hér segir:
- TÉKKLAND-KÝPUR, úr „33“ í „1“,
- TÉKKLAND-AUSTURRÍKI, úr „40“ í „2“,
- ÞÝSKALAND-UNGVERJALAND, úr „80“ í „3“,
- ÞÝSKALAND-SLÓVENÍA, úr „86“ í „4“,
- ÍTALÍA-SLÓVENÍA, úr „191“ í „5“,
- UNGVERJALAND-AUSTURRÍKI, úr „248“ í „6“,

UNGVERJALAND-SLÓVENÍA, úr „251“ í „7“,

AUSTURRÍKI-PÓLLAND, úr „273“ í „8“,

AUSTURRÍKI-SLÓVENÍA, úr „275“ í „9“,

AUSTURRÍKI-SLÓVAKÍA, úr „276“ í „10“.

iii. Eftirfarandi komi í stað „Engin“ í liðnum „1. TÉKKLAND–KÝPUR“:

„Ákvæði 4. mgr. 32. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 19. janúar 1999“.

iv. Eftirfarandi komi í stað „Enginn samningur“ í liðnum „10. AUSTURRÍKI–SLÓVAKÍA“:

„Ákvæði 3. mgr. 34. gr. samnings um félagslegt öryggi frá 21. desember 2001“.

6. Ákvæðum IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-hluta er breytt sem hér segir,

i. Eftirfarandi komi í stað „Engin“ í liðnum „B. TÉKKLAND“:

„Fullur örorkulífeyrir til einstaklinga sem hluta algera örorku fyrir átján ára aldur og voru ótryggðir á tilskildu tímabili (42. þáttur laga um lífeyrstryggingar nr. 155/1995 Coll.)“.

ii. Eftirfarandi komi í stað „Engin“ í þættinum „X. SVÍÞJÓÐ“:

„Löggjöf um tekjutengdar bætur vegna langtímaóvinnufærni (8. kafli laga nr. 1962: 381 um almennar tryggingar, með áorðnum breytingum)“.

b) Ákvæðum C-hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi komi í stað þáttarins „B. TÉKKLAND“:

„B. TÉKKLAND

Lífeyrir vegna örorku (fullrar eða að hluta) og til eftirlífenda (ekkna-, ekkla- og munaðarleysingjalífeyrir) í tilvikum þar sem hann er ekki leiddur af ellilífeyri sem himn látni hefði átt rétt á þegar andlát hans bar að“.

ii. Eftirfarandi komi í stað „Ekkert“ í þættinum „E. EISTLAND“:

„Allar umsóknir um örorkulífeyri, ellilífeyri og eftirlífendalífeyri þar sem

— tryggingatímabilum í Eistlandi hefur verið lokið fyrir 31. desember 1998,

— persónuleg tryggingagjöld umsækjanda, greidd í samræmi við eistneska löggjöf, nema a.m.k. meðaltryggingagjöldum fyrir hlutaðeigandi tryggingarár“.

c) Eftirfarandi komi í stað g-liðar 2. liðar í D-hluta:

„g) Slóvakískur örorkulífeyrir og eftirlífendalífeyrir, leiddur af“.

7. Eftirfarandi breytingar eru gerðar á þættinum „Q. HOLLAND“ í VI. viðauka:

a) Eftirfarandi komi í stað b-liðar 4. liðar:

„b) Eigi hlutaðeigandi einstaklingur rétt á hollenskum örorkubótum samkvæmt a-lið skulu bæturnar reiknaðar, eins og um getur í 2. mgr. 46. gr. reglugerðarinnar:

i. í samræmi við ákvæði laga um örorkutryggingar (WAO) hafi hlutaðeigandi einstaklingur, fyrir þann tíma er óvinnufærnin kom fram, síðast verið í vinnu sem launþegi í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar,

ii. í samræmi við ákvæði laga um örorkutryggingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga (WAZ) hafi hlutaðeigandi einstaklingur, fyrir þann tíma er óvinnufærnin kom fram, síðast verið við vinnu, þó ekki sem launþegi, í skilningi a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar.“

b) Eftirfarandi komi í stað 7. liðar:

„7. Við beitingu II. bóls reglugerðarinnar er einstaklingur, sem telst vera launþegi í skilningi laga um tekjuskatt frá 1964 og er tryggður sem slíkur innan almannatrygginga, talinn stunda launaða atvinnu“.

B-deild – Útgáfud.: 4. maí 2009